

mánaðar fyrir 1. hæð hússins, og er þá haft í huga að ekkert er fram komið í málinu sem bendir til þess að ákvæðum reglugerðarinnar hafi verið breytt hvað afnot af þvottahúsi varðar. Þá ber og að viðurkenna rétt sóknaraðila til aðgangs að rafmagnstöflu í innri gangi kjallaraíbúðarinnar þegar þeim er þörf á.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

D ó m s o r ð:

Umferðarréttur sóknaraðila, Steingrims Jónssonar, Mollyar Jónsson og Ingbórs H. Guðnasonar, um innri gang (innri forstofu) kjallaraíbúðar að Hagamel 16 í Reykjavík er viðurkenndur þannig: Fyrir 2. hæð hússins dagana 16. til 20. hvers mánaðar og fyrir 1. hæð hússins dagana 21. til 25. hvers mánaðar. Þá er viðurkenndur réttur sóknaraðila til aðgangs að rafmagnstöflu í sama gangi kjallaraíbúðarinnar þegar þeim er þörf á.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 14. maí 1986.

Nr. 82/1985. **Stáliðjan hf.**

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegn

Þorbirni Eiríkssyni

(Helgi V. Jónsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Bjarni K. Bjarnason og Sigurður Líndal pófessor.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 2. apríl 1985. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hafði uppi fyrir héraðsdómi gagnkröfu til skuldajafnaðar við kröfur stefnda. Héraðsdómur hefur ekki tekið gagnkröfu þessa til efnismeðferðar í dómi sínum. Af þeirri ástæðu, og þar sem áfrýjandi hefur gagnkröfuna einnig uppi fyrir Hæstarétti, verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til dómsálagningar að nýju.

Eftir þessum úrslitum er rétt að stefndi greiði áfrýjanda 10.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Stefndi, Þorbjörn Eiríksson, greiði áfrýjanda, Stáliðjunni hf., 10.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 1. mars 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ.m. að loknum aðalflutningi, er höfðað hér fyrir bæjarþinginu af Þorbirni Eiríkssyni húsasmíðameistara, nnr. 9466-8573, Digranesvegi 46, Kópavogi á hendur Helga Halldórssyni framkvæmdastjóra, nnr. 3964-6153, Sævarlandi 14, Reykjavík, f.h. Stáliðjunnar hf., Smiðjuvegi 5, Kópavogi til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 89.377,88 auk 37% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 1. október 1982 til 1. nóvember 1982, en 45% ársvaxta af sömu fjárhæð frá þeim degi til birtingardags stefnu en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu Stáliðjunnar hf. er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða sér (sic) málskostnað að skaðlausu.

Sáttatilaunir dómara báru ekki árangur.

— — —

Forsendur og niðurstaða.

Eins og málið er lagt fyrir og flutt stendur ágreiningurinn einungis um tímafjölda þann sem stefnandi vann fyrir stefnda við breytingarnar að Þverbrekku 6. Í greinargerð stefnda var töxtum þeim sem stefnandi notaði

mótmælt sem of háum. Við rekstur málsins féll stefndi frá þessum mótmælum. Jafnframt mótmælir hann ekki vinnustundafjölda starfsmanna stefnanda, heldur einungis hans sjálfs. Stefndi hefur ekki haldið uppi vörn-um gegn reikningum fyrir akstur og verkfæraleigu.

Við munnlegan málf lutning hefur stefndi haft uppi kröfu um að meintri ofgreiðslu sinni verði skuldajafnað við kröfur stefnanda, að því marki sem hann yrði ekki sýknaður af henni. Stefndi hefur mótmælt að skulda-jafnaðarkrafa hafi verið gerð í málinu. Dómurinn lítur svo á að krafan hafi ekki fyrr verið gerð við meðferð málsins og verður hún því ekki tekin til greina gegn mótmælum stefnanda. Eru því ekki efni til að taka afstöðu til annarra lögskipta aðila en varða þá reikninga sem stefnt er út af.

Stefndi hefur haldið fram í málinu að í dagbókinni dskj. 11 sé að finna heildartímafjölda sem unninn hafi verið í verkinu. Þegar virtur er fram-burður vitna og staðhæfingar stefnanda verður að telja í ljós leitt að svo sé ekki. Jafnframt verður að telja ósannaða þá fullyrðingu stefnda, að vinnuskýrslur stefnanda, dskj. 5, hafi ekki verið útfylltar jafnóðum, heldur að verkinu loknu. Fallast má á skýringu stefnanda á 3. gr. reglugerðar fyrir húsasmíðameistara, dskj. 7.

Ekki er umdeilt að stefndi hafi að einhverju marki séð um efnisútvægum og aðrar útréttingar. Á tímabilinu 6. til 17. september 1982 voru skv. vinnu-skýrslum stefnanda unnir alls 365 tímar í Þverbrekku 6, þar af 313,5 tímar í dagvinnu. Af þessum tímum vann stefndi sjálfur 34 dagvinnustundir. Ekki verður talið að stefnda hafi tekist að sýna fram á að þetta sé meira vinnuframlag stefnanda en eðlilegt getur talist miðað við það verk, sem unnið var. Verða kröfur stefnanda því að fullu teknar til greina. Ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 89.377,88 ásamt vöxtum eins og krafist er og kr. 22.000,00 í málskostnað.

Dómur þessi er kveðinn upp af Guðgeiri Eyjólfssyni fulltrúa og með-dómendum Leifi Blumenstein byggingatæknifræðingi og Magnúsi Guðjónssyni húsasmíðameistara.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Stáliðjan hf., greiði stefnanda, Þorbirni Eiríkssyni, kr. 89.377,88 með 37% ársvöxtum frá 1. október 1982 til 31. október 1982, 45% ársvöxtum frá 1. nóvember 1981 til 20. september 1983, 37% ársvöxtum frá 21. september 1983 til 20. október 1983, 36% ársvöxtum frá 21. október 1983 til 20. nóvember 1983, 32% ársvöxtum frá 21. nóvember 1983 til 20. desember 1983, 25% ársvöxtum frá 21. desember 1983 til 31. desember 1984 og 32% ársvöxtum frá 1. janúar 1985 til dómsuppsögudags, en með dómvöxtum skv. 1.mgr. 1. gr. laga nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 22.000,00 í máls-

kostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 20. maí 1986.

Nr. 86/1985. **Friðrik Jörgensen**
Innkaup hf. og
dánarbú Þórunnar S. Þorsteinsdóttur
gegn
Axel Thorarensen

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Er mál þetta skyldi munnlega flytja nú í dag var eigi sótt þing af hálfu áfrýjenda. Málsókn fellur því niður og greiði áfrýjendur 720,00 króna útivistargjald, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði þeir stefnda, Axel Thorarensen, sem látið hefur sækja þing í málinu og krafist ómaksbóta, 4.500,00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.
